

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/739

2018/EES/72/14

frá 1. mars 2018

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í stáli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý.
- 2) Með a-lið 6. liðar í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága fyrir notkun blýs sem málmblendisþátt í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% blý miðað við þyngd til 21. júlí 2016. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu í tengslum við 1.–7. flokk og 10. flokk fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Blýi er bætt í stál til að bæta véltækileika í iðnaðarframleiðslu. Það hefur smuráhrif sem auðveldar djúpa borun og háhraðavinnslu. Við galvanhúðun er stál sinkhúðað sem vörn gegn tæringu.
- 4) Þó að blýlaust stál sé fánlegt fyrir tiltekna notkun er útskipting fyrir þá notkun sem eftir er sem stendur vísindalega og tæknilega ekki möguleg. Frekari þrenging gildissviðs þessara undanþágu hefur ekki reynst fýsileg sem stendur vegna þess hve flókin aðfangakeðjan er.
- 5) Vegna tækniframfara er blý, þegar um er að ræða galvanhúðað stál, enn nauðsynlegt eingöngu í lotuunnu, heitgalvanhúðuðu stáli og í minni styrk.
- 6) Þar eð engir nægilega áreiðanlegir staðgöngukostir eru fánlegir í dag eða líklegt er að verði fánlegir á markaði í náninni framtíð, að því er varðar viðkomandi notkun í 1.–7. flokki og 10. flokki, og þar eð blýinnihald í heitgalvanhúðuðu stáli orsakast af óhreinindum úr endurunni sinki, er gildistíminn til 21. júlí 2021 réttmætur fyrir báðar notkunarleiðir, en styttri tími gæti valdið óþarfa stjórnsýsluálagi fyrir iðnaðinn. Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 103. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtfð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar 6. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„6 a)	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
6 a)-I	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd og í lotuunnum, heitgalvanhúðuðum stál-fhlutum sem innihalda allt að 0,2% af blýi miðað við þyngd	Fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk.“